

REGLUR

um breytingu á reglum um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, í sérstökum tilvikum, við erlenda ríkisborgara og endurgreiðslur fjárhagsaðstoðar úr ríkissjóði, nr. 520/2021.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „Félagsmálaráðuneytið“ í 1. mgr. og hvarvetna annars staðar í reglunum í hvaða beygingarmynd sem er kemur í rétttri beygingarmynd: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Í 7. gr. a koma fram viðmið um aðstoð þegar um er að ræða einstaklinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga.

2. gr.

Á eftir 7. gr. reglnanna kemur ný grein, 7. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Aðstoð vegna einstaklinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni
um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu
á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga.*

Með aðstoð vegna einstaklinga sem fengið hafa endanlega synjun á umsókn sinni um alþjóðlega vernd hér á landi og eiga ekki rétt á þjónustu á grundvelli 33. gr. laga um útlendinga er átt við gistingu og fæði í samræmi við það sem almennt tíðkast í úrræðum fyrir heimilisláusa, svo sem hvað varðar hámarksdvalartíma hvers einstaklings á sólarhring í viðkomandi gistiúrræði sem og fjölda máltíða á sólarhring.

3. gr.

Í stað orðanna „sbr. 3. gr.“ í 2. mgr. 8. gr. reglnanna kemur: sbr. 4. gr.

4. gr.

Í stað „3. gr.“ í 9. gr. reglnanna kemur: 4. gr.

5. gr.

Í stað orðsins „Fjölmenningarseturs“ í 1. mgr. 11. gr. og hvarvetna annars staðar í reglunum í hvaða beygingarmynd sem er kemur í rétttri beygingarmynd: Vinnumálastofnun.

6. gr.

Í stað orðsins „félagsmálaráðuneytinu“ í 2. mgr. 13. gr. reglnanna kemur: Vinnumálastofnun.

7. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stoð í 1. mgr. 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, öðlast þegar gildi.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 26. september 2023.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Bjarnheiður Gautadóttir.